



Alþingi
Erindi nr. P 141/1345
komudagur 5.2.2013

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 04.02.2013
Tilvísun: 201301-0037

Efni: Frumvarp til laga um sjúkraskrár (aðgangsheimildir), 497. mál

Frumvarpi þessu er ætlað að skýra og einfalda rétt borgaranna til að fá stjórnvaldsákvarðanir er varða mikilvæg persónuleg mál endurskoðaðar. Alþýðusamband Íslands fagnar öllum skrefum í þá átt og er því engin efnisleg athugasemd gerð við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Halldór Oddsson.
Lögfræðingur hjá ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Sættún 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is

Arna A. Antonsóttir
Formaður Félags lífeindafræðinga

Umsögn um:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangsheimildir).

(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Þetta eru vondar lagagreinar og ég hélt um stund að ég væri dottin aftur á bak í tíma sirka 100 ár. Vinsamlega lesið athugasemdir mínar feit- og skáletraðar.

1. gr.

1. másl. 3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Ákvarðanir landlæknis um leiðréttingu eða eyðingu sjúkraskrárupplýsinga eru endanlegar á stjórnsýslustigi og verður ekki skotið til ráðherra.

Þetta er ekki gott og skýringin er sú að þá er landlæknir orðinn einvaldur í þessum málum sem hlýtur að teljast í hæsta máta óeðlilegt.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Sé talið að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að veita honum aðgang að sjúkraskrá í heild eða að hluta eða afhenda honum eða umboðsmanni hans afrit af henni skal umsjónaraðili sjúkraskrár leiðbeina um rétt til að bera synjun um aðgang undir embætti landlæknis skv. 15. gr. a.

b. 5. mgr. fellur brott.

Ég skil alls ekki hvað er í gangi hér, taldi að samkvæmt upplýsingalögum ætti ég rétt á því skilyrðislaust að sjá mínar eigin sjúkraskrár. Hvert er leyndarmálið gagnvart mér í mínum eigin veikindaskýrslum? Hér er verið að setja eitthvert vald í hendur læknum sem alls ekki á að líðast og samkvæmt 1. gr. getur landlæknir sem einvaldur setið á málinu.

3. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Mæli ríkar ástæður með því er umsjónaraðila sjúkraskrár heimilt að veita nánunum aðstandanda látins einstaklings, svo sem maka, foreldri eða afkomanda, aðgang að

sjúkraskrá hins látna og láta í té afrit hennar ef þess er óskað. Við mat á því hvort veita skuli aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings skal höfð hliðsjón af hagsmunum aðstandanda sem óskar eftir slíkum aðgangi og vilja hins látna, liggi fyrir upplýsingar um hann.

Hér vildi ég gjarnan vita hvert leyndarmálið er í sjúkraskýrslum látinnar manneskju fyrir ættingja. Hverjir meta hvort veita skuli aðgang eða ekki? Eru það lækningar sem stunduðu sjúklinginn eða aðrir, þá hverjir?

4. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, 15. gr. a, er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Réttur til að bera synjun um aðgang að sjúkraskrá undir embætti landlæknis.

Heimilt er að bera synjun umsjónaraðila sjúkraskrár um aðgang sjúklings að eigin sjúkraskrá í heild eða að hluta eða synjun um að fá afhent afrit af henni undir embætti landlæknis. Sama gildir um synjun umsjónaraðila sjúkraskrár um að veita nánnum aðstandanda aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings eða synjun um að fá afhent afrit af henni. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnslutölum. Ákvarðanir embættisins um aðgang að sjúkraskrá eru endanlegar á stjórnslutstigi og verður ekki skotið til ráðherra.

Þessi grein ætti að vera óþörf því það að synja fólki um aðgang að sjúkraskrá er í sjálfu sér brot á lögum. Ég endurtek líka að það að landlæknir skuli vera með endanlegan úrskurð er algjörlega óásættanlegt.

Alþingi
Erindi nr. P 141/1419
komudagur 8.2.2013



8.2.2013
1B2/1A3g/8/345/LÓ/ló

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu lögum um sjúkraskrár (aðgangsheimildir).
Þingskjal 639 - 497 mál.**

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) þakkar fyrir að fá tækifæri til að gera athugasemdir við frumvarpið.

Æskilegt hefði verið að HH hefði verið fengin til samráðs við gerð frumvarpsins þar eð nokkuð hefur reynt á tvö atriði sem núgildandi lög ná ekki nægilega vel til eða taka alls ekki á eins og æskilegt væri.

Í fyrsta lagi vill HH gera athugasemd við 3. gr. frumvarpsins, sem á við um 15. gr. gildandi laga þar sem fjallað um aðgang náins aðstandanda að sjúkraskrá látins einstaklings. Í lögnum segir að „*Mæli ríkar ástæður með því er umsjónaraðila sjúkraskrár heimilt að veita nánnum aðstandanda látins einstaklings, svo sem maka, foreldri eða afkomanda, aðgang að sjúkraskrá hins látna með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum hlutaðeigandi.*“
Liggi vilji hins látna ljós fyrir er engum vandkvæðum bundið fyrir umsjónaraðila sjúkraskrár að fylgja honum.

Hins vegar þegar vilji hins látna liggur ekki fyrir er ákaflega vafasamt að ætla umsjónarmanni sjúkraskrár að meta mikilvægi þeirra hagsmuna sem liggja að baki beiðninni. Umsjónarmaður sjúkraskrár er ekki í sérstaklega góðri aðstöðu til að meta hagsmuni umsóknaraðila og að sannreyna þá. Þá geta verið deildar meiningar milli aðstandenda um hvort veita eigi slíkan aðgang og eru slík tilvik þekkt hjá HH einkum vegna erfðamála.

Annað atriði er varðar þessa lagagrein er að ekki er á ótvíræðan hátt gert ráð fyrir að takmarka megi aðganginn við ákveðnar upplýsingar og þá við atriði sem snerta þá hagsmuni sem um er að ræða

Því telur HH æskilegt að í málum sem 15. gr. laganna nær yfir skuli koma ákvæði um að dómsúrskurður liggi fyrir áður en upplýsingar eru gefnar úr sjúkraskrá og í úrskurðinum skuli tiltekið hvers konar upplýsingar má gefa. Því leggur HH til að núgildandi 15. gr. verði breytt í þá veru að liggi heimild látins einstaklings ekki fyrir um aðgang aðstandanda að sjúkraskrá

hans skuli dómari úrskurða hvort og þá hvaða upplýsingar aðstandandi geti fengið úr sjúkraskrá látins einstaklings og hvernig megi nota þær.

Í öðru lagi vantar grein í löginn þar sem fjallað er um aðstæður þar sem óskað er heilsufarsupplýsinga um sjúkling sem er á lífi og hefur fullt lögræði en af heilsufarsástæðum ófær um að veita heimild til upplýsingagjafar úr sjúkraskrá sinni.


Í þessum tilvikum er yfirleitt er um að ræða fólk með heilabilun. Öllum sem til þekkja er ljóst hvert ástand viðkomandi er. Hins vegar er óskað læknisvottorðs til þess að staðfesta hvert andlegt ástand viðkomandi er svo framkvæma megi fyrirbyggjandi gjörning. Ættingjum og lögmönnum þeirra finnst þetta vera formsatriði sem ætti ekki að tefja framgang málsins. Finnst það vera þvergirðingsháttur að hafna slíkum beiðnum um vottorð þar sem öllum sem til þekkja er ljóst hvert andlegt ástand viðkomandi er og því tæpast um vel varin leyndarmál að ræða.

Samkvæmt lögum mega læknar ekki votta um ástand sjúklings nema með hans leyfi eða lög bjóði annað. Í þessum tilvikum getur og hefur orðið ágreiningur meðal aðstandenda um hvort veita eigi aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrá og því eðlilegast að fyrir liggi dómsúrskurður í slíkum málum. Það er alls ekki hlutverk lækna að vega og meta fjárhagslega hagsmuni aðstandenda sjúklings. Erfðamál eru mál sem bjóða upp á ágreining og togstreitu og því réttast að aðilar sem til þess hafa rétt vegi og meti hagsmuni og skeri úr um ágreining. Einnig er rétt að undirstrika að trúnaður læknis er við sjúklinginn og óþarfi að gera þau skil óljós með því að fá honum í hendur úrskurðarvald sem hann getur með engu móti rækt svo vel sé. Því leggur HH til að ný grein verði sett í löginn sem hljóði eitthvað á þessa leið:

Nákominn aðstandandi lifandi einstaklings sem er ófær um að gæta hagsmuna sinna getur óskað upplýsinga úr sjúkraskrá hans. Skal málið lagt fyrir dómara og sker hann úr um hvort umbeðnar upplýsingar verði veittar með hliðsjón af hagsmunum sjúklings og umbeiðanda upplýsinganna.

Varðandi 5. gr. frumvarpsins telur HH rétt að tryggja að þau kerfi sem aðgangur er veittur að hafi innbyggt kerfi sem skráir hvers konar meðferð upplýsingar sem í kerfinu eru geymdar hafi fengið. T.d. ef afritun hafi átt sér stað sjáist það og hver og hvað hafi verið afritað.

Virðingarfyllst,
v/ Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins,


Lúðvíl Ólafsson
lækningaforstjóri

Alþingi
nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11.febrúar, 2013


Varðar: Umsögn vegna þingskjals nr. 639- 497 mál. Frumvarpa til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangsheimildir)

Við yfirferð á ofangreindu frumvarpi eru ákvæði landlæknis um leiðréttingu eða eyðingu upplýsinga úr sjúkraskrár verði endanlegar. Hér er um veigamikið frávik að ræða frá meginreglu stjórnsýsluréttar sem kemur fram m.a. í 1. mgr. 26. gr laga nr. 37/1993.

Í greinargerð með ofangreindri reglu má sjá í frumvarpi með ofangreindum lögum. Þar segir m.a. að lögfest sé sú óskráða réttarregla að heimilt sé að kæra ákvörðun til æðra stjórnvalds sé á annað borð slíku æðra stjórnvaldi til að dreifa. Hin almenna kærueimild byggist á skiptingu stjórnsýslukerfisins í fleiri stjórnsýslustig þar sem æðri stjórnvöld hafa eftirlit með þeim stjórnvöldum sem lægra eru sett. Með lögfestingu hinnar óskráðu meginreglu í 26. gr. var ekki ætlunin að þrengja kærueimild frá því sem verið hefur ef frá er talið ákvæðið í 2. mgr

Frávik frá þessari meginreglu verður því ekki hægt að samþykkja og verður ekki talið af hálfu Hjartaheilla að neitt geti í reynd vikið frá svo mikilvægri reglu sem lengi var óskráð en var síðar lögfest sbr. ofangreint.

Vitðingarfyllst


Sveinn Guðmundsson, hrl.
varaformaður Hjartaheilla.



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

Alþingi
Erindi nr. P 141/1494
komudagur 11. 2. 2013

Alþingi
Nefndasvið, Velferðarnefnd
Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2013
1301307/0.1.2/kk

Efni: Umsögn landlæknis. Mál nr. 497, frv. til laga um sjúkraskrár

Embætti landlæknis telur réttarbætur felast í þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Á það sérstaklega við um málsmeðferð varðandi óskir um aðgang að sjúkraskrá látinna. Nú er ákvörðun umsjónaraðila sjúkraskrár um að heimila eða synja um aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings ekki kæránleg til landlæknis af hálfu borgarans. Kæruleið fyrir slíkar ákvarðanir til ráðuneytis er aðeins virk ef umsjónaraðili sjúkraskrár er opinber heilbrigðisstofnun, en hliðstæð ákvörðun umsjónaraðila sjúkraskrár er endanleg ef starfsemin er einkarekin. Túlkun lögfræðinga á því hvernig beita beri málskotsheimildum á grundvelli laganna hefur ekki verið á einn veg, eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu, enda hefur ýmsum þótt réttaröryggi að þessu leyti áfátt að gildandi lögum.

Landlæknir fagnar þeim vilja sem fram kemur í frumvarpinu um að færa ákvörðun um aðgang að sjúkraskrá einstaklinga eins nálægt uppsprettu upplýsinganna og mögulegt er. Við ágreining er eðlilegt að máli sé vísað til ákvörðunar landlæknis sem hefur það hlutverk samkvæmt lögum að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustunni og hefur því faglegar forsendur til að taka afstöðu í slíku máli.

Allir heilbrigðisstarfsmenn, nú 33 starfsstéttir, þurfa að færa sjúkraskrár um þá sjúklinga sem þeir fá til meðferðar. Embætti landlæknis hefur eftirlit með því að ákvæði laga um sjúkraskrár séu virt og gilda sömu reglur um eftirlitið hvaða heilbrigðisstétt sem í hlut á og hvort sem um er að ræða einkarekna þjónustu eða opinbera. Eðlilegt er með sama hætti að sömu heimildir séu fyrir hendi til að kæra hliðstæðar ákvarðanir allra umsjónaraðila sjúkraskráa til landlæknis. Eiga sömu sjónarmið við um þær þrjár tegundir af ákvörðunum sem frumvarpið tekur til, þ.e. á grundvelli 7. gr., 14. gr. og 15. gr. gildandi laga. Það er fallið til einföldunar og skilvirkni í stjórnsýslunni að kærustig sé aðeins eitt innan stjórnsýslunnar, enda unnt að bera ákvörðun sem endanleg er á stjórnsýslustigi undir dómstóla, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.

Virðingarfyllt,


Geir Gunnlaugsson
landlæknir



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 11. febrúar 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangsheimildir), 497. mál, stjórnarfrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 24. janúar sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangsheimildir), 497. mál á 141. löggjafarþingi.

Frumvarpið er samið í velferðarráðuneyti að höfðu samráði við embætti landlæknis, Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri og mun tilgangur þess að skýra frekar ákvæði 7., 14. og 15. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár varðandi hlutverk landlæknis og velferðarráðuneytis þegar kemur að aðgangi að sjúkraskrá. Fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið að markmið þess sé að taka af allan vafa um rétt sjúklinga til að bera synjun um aðgang að sjúkraskrá, hvort sem um er að ræða eigin sjúkraskrá eða sjúkraskrá látins aðstandanda, undir embætti landlæknis. Jafnframt er lagt til að heimildir til að kæra þessar synjanir og ákvarðanir um leiðréttingu eða eyðingu sjúkraskráupplýsinga til ráðherra verði felldar brott. Lokst er lagt til að bætt verði við lögum ákvæði um nauðsynlegan aðgang tæknimanna að sjúkraskrárkerfum þar sem slík ákvæði sé ekki að finna í lögnum nú.

LÍ getur ekki fallist á að heppilegt sé að fella úr gildandi lögum um sjúkraskrá kærheimildir sjúklinga til velferðarráðuneytis. LÍ telur það draga úr réttaröryggi sjúklinga að hafa einungis eitt kærustig í þessum málum. Til viðbótar kemur að embætti landlæknis hefur af velferðarráðuneyti verið falin öll umsýsla varðandi rafrænar sjúkraskrár. LÍ telur að þegar ofan á bætist að sjúklingum eigi ekki að vera heimilt að kæra til æðra stjórnvalds, velferðarráðuneytis, ákvarðanir embættis landlæknis er snúa að sjúkraskrá, þá séu völd embættis landlæknis varðandi sjúkraskrár orðin meiri en eðlilegt sé að eitt stjórnvald hafi.

Skal nú vikið nánar að einstökum breytingum sem lagðar eru til með frumvarpinu:


- Breyting á 3. mgr. 7. gr. laga um sjúkraskrár:** LÍ telur mjög mikilvægt að allar ákvarðanir varðandi sjúkraskrár sæti meðferð í samræmi við meginreglu stjórnsýslulaga, þ.e. séu kærnanlegar til æðra stjórnvalds, velferðarráðuneytis í þessu tilviki. Engin frambærileg rök eru færð fyrir því að eitt kærustig dugi varðandi ákvarðanir er lúta að sjúkraskrá. LÍ mælir gegn þeirri breytingu sem hér er lögð til á 3. mgr. 7. gr. laga um sjúkraskrár.
- Breytingar á 14. gr. laga um sjúkraskrár:**
 - Breyting á 3. mgr.:** Um árábil hefur gilt sú regla að ef það er ekki talið þjóna hagsmunum sjúklings að veita honum aðgang að sjúkraskrá eða afhenda honum eða umboðsmanni afrit af skránni þá eigi sá sem ósk fær um aðgang að sjúkraskrá sjálfkrafa að senda sjúkraskrána til landlæknis til endanlegrar ákvörðunar. Þetta verklag var sett upp sjúklingi til hægðarauka og gert til að málið fái nýja skoðun af hálfu stjórnvalds. Með breytingunni, sem lögð er til við 14. gr. laga um sjúkraskrá er

lagt til að þessi sjálfkrafa framkvæmd breytist og að sjúklingur þurfi framvegis, nái breytingin fram að ganga, sjálfur að kæra málið til landlæknis. Lí telur þessa breytingartillögu gera réttarstöðu sjúklinga lakari en nú er og til þess fallna að draga kjark úr sjúklingum varðandi það að bera málið undir embætti landlæknis. Í skýringum með 2. gr. frumvarpsins eru engin rök færð fyrir því hvaða rök liggja til þess að breyta áratugaframkvæmd sem ekki hefur verið talin ástæða til að hrófla við, hvorki við setningu laga um réttindi sjúklinga árið 1997 né við setningu laga um sjúkraskrár árið 2009. Lí leggst gegn þeirri breytingu sem hér er lögð til á 3. mgr. 14. gr. laga um sjúkraskrár.

- b. **Breyting á 5. mgr.:** Lagt er til að niður falli kæruehimild á ákvörðun embættis landlæknis varðandi sjúkraskrár. Í skýringum er talið að það nægi að hafa eitt kærustig í þessum málum á stjórnarsýslustigi. Lí getur ekki fallist á að það sé nægilegt að hafa eitt kærustig í þessum málum. Mikilvægt er fyrir sjúklinga að geta kært ákvörðun embættis landlæknis til æðra stjórnvalds, velferðarráðuneytis í þessu tilviki. Lí leggst gegn því að 5. mgr. 14. gr. laga um sjúkraskrár verði felld brott.
3. **Breytingar á 15. gr. laga um sjúkraskrár:** Lí gerir ekki athugasemd við þá orðalagsbreytingu ákvæðisins sem felur í sér að taka af tvímæli um það að heimilt sé að afhenda aðstandendum látins einstaklings afrit af sjúkraskrá hans, en ekki eingöngu að veita honum aðgang að skránni. Telur Lí raunar tvímælalaust að það hafi ætíð verið tilgangur löggjafans að veita aðstandendum slíkan aðgang, þ.e. aðgang með afhendingu afrits.
4. **Ný 15. gr. a laga um sjúkraskrár:** Lí telur eðlilegt að hafa sama fyrirkomulag áfram á framkvæmd beiðna um aðgang að sjúkraskrá látinna, þ.e. að ef umsjónaraðili er í vafa þá sé sjúkraskráin send embætti landlæknis til meðferðar og að ákvörðun embættis landlæknis verði kæránleg. Gildandi ákvæði sýnast skýr. Umsjónaraðili sendir sjúkraskrána til embættis landlæknis ef hann er í vafa og um ákvörðun embættis landlæknis gilda ákvæði stjórnarsýslulaga. Lí telur mikilvægt að fleiri en eitt stjórnarsýslustig fjalli um málið þannig að ákvörðun embættis landlæknis sé kæránleg til velferðarráðuneytis. Lí leggst því gegn nýrri 15. gr. a að því leyti sem hún breytir gildandi framkvæmd varðandi kæránleika ákvörðunar embættis landlæknis.
5. **Ný 17. gr. a laga um sjúkraskrár:** Lí gerir ekki athugaemd við þessa nýju grein, sé talið að gildandi lagaákvæði heimili ekki þennan aðgang.

Fulltrúar Lí óska eftir að koma á fund velferðarnefndar Alþingis til að ræða efni þessa lagafrumvarps.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,


Þorbjörn Jónsson,
formaður.

Umsögn (umbeðin, innra vinnuskjal)

Umsagnar óskaði: Bæjarráð, 1107. fundur 31.01.2013.
Varðandi: Alþingi
Nr. erindis: 201301596/50.13
Dags.: 04.02.2013
Málefni: Umsögn framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs
Afrit: Fjölskyldunefnd

Alþingi
Erindi nr. P 141/1471
komudagur 11.2.2013

Bæjarráð, 1107. fundur tók til umfjöllunar erindi velferðarnefndar alþingis þar sem frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangsheimildir) var vísað til umsagnar félagsþjónustu sveitarfélaga sbr. 497. mál. Bæjarráð vísaði erindinu til umsagnar undirritaðrar.

Frumvarpið felur í sér að réttur sjúklings til að áfrýja ákvörðun umsjónaraðila sjúkraskrár er tryggður. Í frumvarpinu er vísað til þessa að ákvarðanir um þau atriði sem tilgreind eru séu almennt faglegs eðlis og því sé eðlilegt að leitað sé til landlæknisembættisins fremur en ráðuneytisins um endurskoðun þeirra.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 41/2007 hefur landlæknir m.a. ráðgefandi hlutverk gagnvart fagfólki um málefni á verksviði embættisins, ásamt því sem hann hefur eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum. Tengsl sem af því leiða geta leitt til hlutdrægni og því er ástæða til þess að draga í efa að embætti landlæknis sé best til þess fallið að fara með úrskurðarvald í umræddum málum. Að mati undirritaðrar færi betur á því að óháðum úrskurðaraðila væri falið valdið líkt og á við um áfrýjun stjórnvaldsákvarðana í öðrum velferðarmálum.

Virðingarfyllst,
Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Alþingi
Velferðarnefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 14. febrúar 2013

Tilvísun: 2013010129BS/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkraskrár, m.a. ákvæðum um kærur á synjunum um aðgang að eigin sjúkraskrá

1.

Persónuvernd vísar til tölvubréfs velferðarnefndar Alþingis frá 24. janúar 2013 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009 um sjúkraskrár (þskj. 639, 497. mál á 141. löggjafarþingi). Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar og viðbætur á lögnum sem eiga að taka af allan vafa um að ákvæði um aðgang að annars vegar eigin sjúkraskrá og hins vegar sjúkraskrá látins aðstandanda á grundvelli ríkra ástæðna feli í sér rétt til afrits af skránni. Þá er lögð til viðbót við löginn sem ætlað er að taka af vafa um að allar synjanir um aðgang séu kærnanlegar til landlæknis, en eins og rakið er í almennum athugasemdum með frumvarpinu og athugasemdum við 3. og 4. gr. þess hafa löginn ekki verið álitin nógu skýr um það. Jafnframt þessu er lagt til ákvæði þess efnis að ef synjað sé um veitingu aðgangs að eigin sjúkraskrá skuli leiðbeint um að kæra megi slíka ákvörðun til landlæknis.

Samkvæmt frumvarpinu verður ekki lengur hægt að kæra umræddar ákvarðanir til ráðherra heldur verða þær endanlegar á stjórnisýslustigi. Í niðurlagi athugasemda við 4. gr. frumvarpsins er það rökstutt með eftirfarandi orðum:

„Nægilegt þykir að í málum sem þessum sé eitt kærustig. Því taki umsjónaraðili sjúkraskrár ákvörðun um hvort veiti eigi aðgang að sjúkraskrá en embætti landlæknis geti síðar endurskodað synjanir um aðgang, sé óskað eftir því.

Í þessu sambandi skiptir einnig máli að ákvörðun um aðgang að sjúkraskrá er almennt faglegs eðlis og því eðlilegra að leitað sé til landlæknisembættisins fremur en ráðuneytisins um endurskoðun á ákvörðun um aðgang sjúklings að eigin sjúkraskrá eða aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings.“

Auk framangreinds er í frumvarpinu lagt til að starfsmenn, sem vinna að þjónustu við tölvu- og upplýsingakerfi, geti fengið nauðsynlegan aðgang að sjúkraskrárkerfi í þeim tilgangi að sinna vinnslu, uppfærslu og viðhaldi kerfisins. Starfsmennirnir skuli undirgangast sambærilega trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn.

2.

Viðamesta breytingin á lögum um sjúkraskrár, sem lögð er til í umræddu frumvarpi, er sú að ákvarðanir landlæknis um réttmæti synjana um aðgang að eigin sjúkraskrá eða sjúkraskrá látins aðstandanda verða ekki lengur kærarlegar til ráðherra. Persónuvernd fellst á þau rök sem í athugasemdum með frumvarpinu eru færð fyrir þessari breytingu og gerir því ekki athugasemdir við hana.

Hins vegar skal bent á að þegar um ræðir synjun um aðgang að sjúkraskrá látins aðstandanda mætti mæla fyrir um skyldu til að leiðbeina um kærurétt með sama hætti og þegar um ræðir synjun um aðgang að eigin sjúkraskrá. Að öðru leyti telur Persónuvernd ekki tilefni til athugasemda við frumvarpið.

Virðingarfyllst



Þórður Sveinsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1496
komudagur 11.2.2013



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2013.

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangsheimildir) þingskjal 639. - 497. mál.

Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009 um sjúkraskrár (aðgangsheimildir).

Í frumvarpinu er lagt til að ákvarðanir landlæknis um leiðréttingu eða eyðingu upplýsinga úr sjúkraskrár verði endanlegar. Með þessu er mikið vald framselt til landlæknis og eftirlitsheimild ráðherra tekin út. Um ráðherra gilda lög um ráðherraábyrgð, pólitísk og lagaleg en slík ábyrgð er ekki að finna hjá landlækni. ÖBÍ telur að með þessu sé réttur sjúklinga þrengdur verulega og leggst því gegn þeim breytingum sem lagðar eru til á 14. gr. laganna og nýrri 15. gr. a um að „Ákvarðanir embættisins um aðgang að sjúkraskrá eru endanlegar á stjórnarsýslustigi og verður ekki skotið til ráðherra.“

ÖBÍ bendir á að sú heimild að nema burt kærheimild er frávik frá meginreglu stjórnarsýsluréttar og ákvæði um kærheimild í stjórnarsýslulögum. Í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 37/1993 er lögfest sú óskráða réttarregla að heimilt sé að kæra ákvörðun til æðra stjórnvalds, sé á annað borð slíku stjórnvaldi til að dreifa. Frávik verði ekki gerð nema með skýrri lagaheimild á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og þau koma ekki skýrt fram í þessu frumvarpi. Skýrar og ótvíræðar reglur um stjórnarsýslu ríkisins eru nauðsynlegar til þess að tryggja réttaröryggi borgaranna í skiptum þeirra við yfirvöld. Ekki má því skerða heimild borgara til að kæra til æðra stjórnvalds.

ÖBÍ getur hins vegar fallist á breytingu 15. greinar í heild sinni um heimild til að veita nánum aðstandendum látins einstaklings aðgang að sjúkraskrá hins látna ef ríkar ástæður mæla með því. Hins vegar er brýnt að hægt sé að kæra ákvörðun í málinu til æðra setts stjórnvalds.

Virðingarfyllst,

Lilja Þorgeirsdóttir,
framkvæmdastjóri ÖBÍ